

**Nd.** **62. Breytingartillögur** **[42. mál]**

við frv. til l. um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði og heimildir til lántöku á árinu 1980.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. 1. gr. orðist svo:

Þar til fjárlög fyrir árið 1980 taka gildi, þó ekki lengur en til 15. febr., er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði til bráðabirgða í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1979, að teknu tilliti til almennrar verðlagsþróunar, öll venjuleg rekstrargjöld og önnur gjöld er talist geta til venjulegra fastra greiðslna ríkisins þótt ákveðin séu eða heimiluð til eins árs í senn. Þá er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði nauðsynlegar greiðslur til að standa við þegar gerða samninga vegna fjárfestinga ríkisins.

2. 3. gr. orðist svo:

Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs er heimilt að taka lán allt að jafnvirði 12 000 millj. kr. í erlendum gjaldeyri á árinu 1980 og verja andvirði þess að fengnu samþykki fjárveitinganefndar til framkvæmda á vegum ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja eða endurlána til sveitarfélaga eða samtaka á þeirra vegum.